

ENDURSKOÐENDARÁÐ

# Skýrsla um störf endurskoðendaráðs

2012

## ***Inngangur***

Endurskoðendaráð er eftirlitsaðili með störfum endurskoðenda og er verksvið þess skilgreint í V. kafla laga nr. 79/2008 um endurskoðendur. Þau lög tóku gildi 1. janúar 2009 og með þeim var innleidd áttunda félagaréttartilskipun Evrópuráðsins. Hlutverk endurskoðendaráðs skv. 15 gr. laganna er að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækja ræki störf sín í samræmi við ákvæði þessara laga.

Nánar tiltekið ber endurskoðendaráði að:

- fylgjast með því að endurskoðandi uppfylli skilyrði til löggildingar
- fylgjast með því að endurskoðandi uppfylli kröfur um endurmenntun
- að sjá til þess að reglulegt gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja fari fram
- að sjá til þess að siðareglur og endurskoðunarstaðlar séu til

Endurskoðendaráð heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið og skipar ráðherra fimm menn í ráðið til fjögurra ára í senn. Þrír nefndar menn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu en tveir skipaðir af ráðherra. Skipað var í núverandi endurskoðendaráð frá og með 1. apríl 2009 og lýkur starfstíma þess því 31. mars 2013.

Endurskoðendaráð hélt 37 fundi á árinu 2012 auk ýnmissa samráðsfunda með efnahags- og viðkiptaráðuneyti, Félagi löggiltra endurskoðenda (Fle) og öðrum aðilum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu málum sem komu til umfjöllunar og afgreiðslu ráðsins á árinu:

### ***Gæðaeftirlit***

Mikilvægasta og umfangsmesta verkefni ráðsins er að sjá til þess að fram fari gæðaeftirlit með þeim störfum endurskoðenda sem falla undir ákvæði laganna um endurskoðendur nr. 79/2008.

Fjallað var um gæðaeftirlit með einum eða öðrum hætti á um helmingi þeirra funda sem ráðið hélt á árinu.

#### ***Gæðaeftirlit 2011.***

Framkvæmd gæðaeftirlitsins var í höndum gæðanefndar Félags löggiltra endurskoðenda í samráði við endurskoðendaráð og fór það fram í lok árs 2011 og byrjun árs 2012. Við upphaf gæðaeftirlits kom ráðið framkvæmd námskeiðs fyrir gæðaeftirlitsmenn. Um gæðaeftirlit 2011 giltu reglur endurskoðendaráðs nr. 944/2011.

Í gæðaeftirlitinu 2011 komu upp mál er varða starfstíma endurskoðenda. Var m.a. til umfjöllunar túlkun sjö ára reglu um starfstíma endurskoðanda hjá einingu tengdri almannahagsmunum. Hafði einn endurskoðandi litið svo á að endurskoðendur sem hefðu byrjað starfstíma fyrir gildistöku laga nr. 79/2008 væru undanþegnir reglunni þannig að þeir mættu starfa í sjö ár frá gildistöku laganna. Ráðið komst að þeirri niðurstöðu að slík túlkun stæðist ekki. Eftir gildistöku laganna bæri endurskoðanda að

víkja þegar hann hefði endurskoðað viðkomandi einingu í sjö ár. Ekki skipti máli þó að starfstími hans hefði byrjað fyrir gildistöku laganna.

Fjallað er um gæðaeftirlitið og niðurstöðu þess í sérstakri skýrslu um niðurstöður gæðaeftirlits 2011 sem birt er á heimasíðu ráðsins. Niðurstöður gæðaeftirlits voru einnig kynntar á vettvangi Fle.

#### *Gæðaeftirlit 2012.*

Undirbúningur að gæðaeftirliti ársins 2012 hófst í byrjun júní 2012 og var í framhaldi af því sent boðunarbréf til þeirra sem sæta skyldu því eftirliti. Við undirbúning að framkvæmd gæðaeftirlitsins voru haldnir fundir með gæðanefnd Fle sem annast framkvæmd þess og gefnar voru út nýjar reglur nr. 771/2012. Auglýst var eftir gæðaeftirlitsmönnum meðal félagsmanna Fle og var val þeirra í höndum endurskoðendaráðs. Ráðið fól Fle að annast gæðaeftirlitið í samræmi við 13 gr. laganna um endurskoðendur nr. 79/2008 á fundi sínum í lok júní.

Gæðaeftirlitið hófst á haustmánuðum 2012 og er stefnt að því að lok þess verði í apríl 2013. Að loknu eftirliti eru niðurstöður sendar til endurskoðendaráðs sem tekur ákvörðun um hvort og þá hvernig fylgja beri niðurstöðunum eftir. Við lok gæðaeftirlitsins mun ráðið taka saman skýrslu um niðurstöður og birta á heimasíðu ráðsins.

#### ***Ábyrgðatryggingar***

Endurskoðendum sem starfa að endurskoðun ber að hafa í gildi starfsábyrgðatryggingu eins og kveðið er á um í 6. gr. laga nr. 79/2008 og skulu þeir senda Félagi löggiltra endurskoðenda staðfestingu um gilda tryggingu fyrir 15. janúar ár hvert. Ástæður þess að endurskoðandi sem er félagsmaður í Fle hefur ekki í gildi starfsábyrgðatryggingu geta verið m.a. að viðkomandi hefur lagt inn réttindi sín og hætt störfum vegna aldurs eða af öðrum ástæðum. Lagaskilyrði um starfsábyrgðatryggingu er ófrávíkjanlegt og þeir sem ekki hafa slíka tryggingu uppfylla því ekki þau skilyrði sem þarf til að hafa í gildi réttindi sem endurskoðendur.

Á fundi ráðsins þann 26. mars var farið yfir yfirlit frá Fle um endurskoðendur sem ekki höfðu staðfest að þeir hefðu gilda ábyrgðatryggingu. Veittur var þriggja vikna frestur til úrbóta. Málið var aftur tekið fyrir á fundi þann 25. júní og 6. júlí og höfðu þá allir sent upplýsingar um starfsábyrgðatryggingar sínar.

#### ***Endurmenntun***

Endurskoðanda er skylt að sækja endurmenntun sem tryggir að hann viðhaldi reglulega fræðilegri þekkingu, faglegri hæfni og faglegum gildum eins og kveðið er á um í 7. gr. laganna um endurskoðendur. Í gildi eru reglur um endurmenntun nr. 30/2011 sem gefnar voru út þann 19. janúar 2011. Í reglunum kemur m.a. fram að fyrsta þriggja ára endurmenntunartímabil skv. 7. gr. laga nr. 79/2008 hefjist 1. janúar 2010, sbr. ákvæði I til bráðabirgða í lögum nr. 79/2008. Því tímabili lauk þar af leiðandi 31. desember 2012.

Félag löggiltra endurskoðenda hefur haldið utan um endurmenntun félagsmanna sinna með því að félagsmenn senda upplýsingar um endurmenntun sína til félagsins. Félagið sendi ráðinu upplýsingar um stöðu endurmenntunar hjá einstökum félagsmönnum í lok ársins 2011 og fylgdi ráðið málinu eftir

gagnvart þeim sem ekki höfðu lokið tilskildum fjölda endurmenntunareininga eða höfðu ekki sent upplýsingar um slíkar einingar með því að beina til þeirra tilmælum um úrbætur.

Erindi barst um álit endurskoðendaráðs á því hvernig haga beri kröfu um endurmenntun þeirra sem lagt hafa inn réttindi sín og sækja um þau að nýju. Ekki hafði verið tekin afstaða til þessa erindis í árslok 2012.

### ***Fjárhagsáætlun***

Samþykkt var í byrjun árs fjárhagsáætlun ráðsins og hún send efnahags- og viðskiptaráðuneytinu.

### ***Starfsreglur ráðsins***

Í 18. gr. laganna um endurskoðendur kemur fram að endurskoðendaráð skuli setja sér starfsreglur sem ráðherra samþykkir. Endurskoðendaráð starfaði samkvæmt óbirtum starfsreglum sem settar voru á árinu 2010. Ráðið sendi drög að starfsrelum til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Að fengnum athugasemdum ráðuneytisins samþykkti endurskoðendaráð starfsreglurnar þann 12. september 2012. Voru þær sendar efnahags – og viðskiptaráðuneytinu til staðfestingar. Reglurnar voru staðfestar þann 22. nóvember 2012 og birtar í Stjórnartíðindum sem reglur nr. 1117/2012 þann 19. desember 2012.

### ***Frumvörp til breytinga á lögum***

#### *a) Frumvarp til breytinga á lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur.*

Á haustmánuðum 2011 upplýsti efnahags – og viðskiptaráðuneytið um væntanlegt frumvarp til breytinga á lögum um endurskoðendur sem lagt yrði fyrir vorþing Alþingis 2012. Endurskoðendaráð sendi ráðuneytinu umsögn um frumvarpið áður en það var lagt fram þar sem fjallað var alþjóðlega endurskoðunarstaðla, viðurлагаákvæði, birtingu ákvarðana endurskoðendaráðs og gæðaeftirlit vegna starfa ríkisendurskoðunar. Frumvarpið var lagt fram en hlaut ekki afgreiðslu.

Á haustmánuðum 2012 var í undirbúningi að leggja fram nýtt frumvarp sem lagt yrði fyrir þingið á haustþingi eða fyrstu mánuðum ársins 2013. Á fundi endurskoðendaráðs þann 5. nóvember var fjallað um það frumvarp sem ráðuneytið var með í undirbúningi. Ákveðið var að koma á framfæri athugasemdum vegna ákvæða í frumvarpinu. Þær athugasemdir voru síðan sendar Alþingi, en frumvarpið var lagt fram 30. nóvember 2012. Ráðið taldi m.a. rétt að gera athugasemdir um birtingu ákvarðana endurskoðendaráðs, en ráðið taldi frumvarpsdrögin til þess fallin að valda óskýrleika í framkvæmd birtinga

Fyrirhugað er að taka inn í frumvarpið ákvæði um eftirlit með því að endurskoðendur gæti að ákvæði g. liðar 2. gr. laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Peningabættisskrifstofa ríkislögreglustjóra boðaði endurskoðendaráð á kynningarfund um frumvarpið.

#### *b) Endurskoðun laga um Ríkisendurskoðun*

Ráðið sendi Alþingi umsögn vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar laga um Ríkisendurskoðun. Var þar m.a. fjallað um hvernig líta beri á stöðu starfsmanna ríkisendurskoðunar er sinna fjárhagsendurskoðun.

## ***Tillögur um niðurfellingu réttinda skv. 2. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur***

Lög nr. 79/2008 um endurskoðendur eru sett á grundvelli áttundu félagatilskipunar Evrópuráðsins. Í athugasemdum við frumvarp þessara laga segir að með lögnum sé verið að innleiða samræmda tilskipun um lögboðna endurskoðun sem er ætlað „að tryggja með betri hætti en áður að fjárfestar og aðrir hagsmunaaðilar geti reitt sig á störf endurskoðenda og að koma í veg fyrir fjármálamisferli ....“ Lögnum er því ætlað að setja ramma um störf endurskoðenda við endurskoðun í þeim tilgangi að gæta hagsmuna þriðja aðila sem reiðir sig á störf þeirra. Í kafla VIII í tilskipuninni er sérstakt ákvæði um eftirlit með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyriertækja sem er grunnurinn að ákvæðum um endurskoðendaráð í V. kafla laga nr. 79/2008 um endurskoðendur.

Meginhlutverk endurskoðendaráðs er að hafa eftirlit með því að endurskoðendur ræki störf sín við endurskoðun í samræmi við ákvæði laganna, siðareglur endurskoðenda og annarra reglna sem taka til starfa endurskoðenda. Viðamesti þáttur eftirlitsins er gæðaeftirlit sem kveðið er á um í VII. kafla laganna um endurskoðendur. Þau úrræði sem ráðið hefur til þess að fylgja hlutverki sínu eftir er að finna í 17. gr. þessara laga. Þar kemur fram að endurskoðendaráð skuli veita hæfilegan frest til að bæta úr óverulegum annmörkum sem kunna að koma í ljós við gæðaeftirlit en telji ráðið sýnt að endurskoðandi hafi í störfum sínum brotið gegn lögnum svo ekki verði við unað skuli það með rökstuddu álitum veita áminningu eða leggja til við ráðherra sviptingu réttinda.

Á árinu 2012 voru engar tillögur um niðurfellingu réttinda sendar ráðuneytinu. Á starfstíma ráðsins hefur átta sinnum verið lögð til niðurfellingu réttinda við ráðherra. Þar af höfðu sjö endurskoðendur ekki aflað sér lögbundinnar ábyrgðartryggingar. Það hefur verið áhyggjuefni að meðferð mála er varða sviptingu réttinda geta tekið nokkurn tíma. Ráðið telur bagalegt að endurskoðendur hafa verið starfandi án ábyrgðartrygginga á meðan á meðferð þeirra mála stendur. Til að ráða bót á þessu var í frumvarpi til breytinga á lögum um endurskoðendur lagt til að ráðið fái heimild til bráðbirgðasviptingar þegar endurskoðandi uppfyllir ekki skilyrði um löggildingu. Alþingi náði hins vegar ekki að ljúka meðferð þessa frumvarps og var lagt fram í staðinn annað og umfangsminna frumvarp sem ekki fól í sér tillögu að slíkum breytingum.

### ***Birting á rökstuddum álitum***

Með sérstakri ákvörðun dags. 12. september 2012 hefur endurskoðendaráð tekið upp það verklag með hliðsjón af góðum og gagnsæjum stjórnsýsluháttum að birta öll álit sín skv. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008 á vef endurskoðendaráðs. Nöfn manna verða afmáð úr álitum ráðsins en nöfn lögaðila verða birt. Ráðið studdist við umsögn Persónuverndar.

### ***Erindi og kærur til ráðsins***

Ýmis erindi, ábendingar og kærur bárust til ráðsins á árinu og hlutu sum þeirra endanlega afgreiðslu á árinu en öðrum var ólokið í árslok. Gætt var að hæfi nefndarmanna við umfjöllun einsakra mála og varamaður kallaður til ef svo bar undir. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu erindunum:

#### *a) Erindi vísað til ráðsins frá FME.*

Erindi frá Fjármálaeftirlitinu í lok árs 2011 var til áframhaldandi umfjöllunar á árinu. Ætluð brot varða vöntun á birtingu gangsaðráðs í samræmi við ákvæði 29. gr. laganna og möguleg brot gegn

ákvæðum VI. kafla laganna um óhæði. Við meðferð málsins komu í ljós fleiri atriði sem kröfðust skoðunar og var málið enn til meðferðar í árslok 2012.

*b) Ábending vegna tiltekinna atriða í ársreikningi.*

Ráðinu barst ábending þar sem fyrirtæki hafði óskað eftir um umsögn endurskoðunarfyrtækis vegna endurskoðunar tiltekinna liða í ársreikningi þess. Endurskoðunarfyrtækið sendi viðkomandi aðila skýringar sínar. Ráðið taldi fram komin gögn ekki gefa tilefni til frekari athugunar og og tók ákvörðun um að loka málinu.

*c) Kvörtun vegna skýrslugerðar endurskoðunarskrifstofu. Frávísun.*

Í lok árs 2011 barst kvörtun vegna skýrslugerðar í nafni endurskoðunarfyrtækis. Málinu var vísað frá þar sem kvörtunin varðaði ekki störf endurskoðanda þrátt fyrir að viðkomandi starfaði hjá endurskoðunarfyrtæki. Þá fól verkefnið ekki í sér endurskoðun eða aðra staðfestingarvinnu. Taldi ráðið að eftirlit með háttarni aðila, sem ekki væri endurskoðandi við verkefni er ekki laut að endurskoðun,falli ekki undir valdsvið ráðsins eins og það er skilgreint í lögum um endurskoðendur nr. 79/2008. Var málinu vísað frá af þessum sökum. Kvartandi óskaði endurupptöku málsins. Ráðið synjaði endurupptöku með vísan til þess að ekki væru uppfyllt skilyrði stjórnisýslulaga um endurupptöku máls.

*d) Kvörtun vegna afhendingar gagna.*

Ráðinu barst kvörtun vegna þess að endurskoðunarfyrtæki sem annast hafði færslu bókhalds fyrir kvartandi neitaði að afhenda rafrænar skrár úr bókhaldskerfi. Málið var enn til meðferðar í lok árs..

*e) Kvörtun vegna endurskoðunar sparisjóðs.*

Kvörtun barst vegna endurskoðunar sparisjóðs vegna ársins 2008. Málið var tekið til efnislegrar meðferðar en rannsókn þess var ekki lokið fyrir árslok 2012.

*f) Kvörtun vegna óhæðis endurskoðanda og endurskoðunarfyrtækis.*

Endurskoðunarfyrtæki sendi ráðinu kæru þar sem það taldi endurskoðanda og endurskoðunarfyrtæki hafi brotið reglur um óhæði í siðareglum endurskoðenda. Málið er enn til meðferðar hjá ráðinu.

*g) Beiðni um endurupptöku máls.*

Ráðinu barst krafa um endurupptöku máls vegna gæðæftirlits 2010. Málinu var ekki lokið í árslok 2012.

*h) Örutboð Ríkiskaupa*

Ábending barst ráðinu um örutboð Ríkiskaupa fyrir hönd Ríkisendurskoðunar þar sem aðilum var gefinn kostur á að bjóða í endurskoðunarverkefni. Ábendingin laut að því að tilteknir aðilar sem boðið var að taka þátt í útboðinu og falla undir flokk 14.21 í rammasamningi Ríkiskaupa eru ekki endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki og eru ekki á skrá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sbr. 4. gr. laganna um endurskoðendur. Vakin var athygli Ríkiskaupa á málinu og það rætt á fundi með Ríkisendurskoðun. Ráðið taldi ekki tilefni til að aðhafast frekar í málinu að svo stöddu.

*i) Ætluð brot endurskoðanda gagnvart stjórnarformanni félags.*

Kvörtun barst frá aðila sem taldi að endurskoðandi hafi gerst brotlegur gagnvart sér sem stjórnarformanni félags við meðferð tiltekinna mála sem varða félagið. Óskað var eftir frekari rökstuðningi og gögnum í málinu til þess að hægt væri að taka efnislega afstöðu til kærunnar. Engin frekari gögn bárust og var málinu því vísað frá.

### ***Samskipti við atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneytið***

Við framkvæmd laga um endurskoðun er gert ráð fyrir því að ráðuneytið leiti álits ráðsins við meðferð tiltekinna mála. Svarað var ýmsum fyrirspurnum frá atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneytinu á árinu og leitað var umsagnar þess um samskipti við eftirlitsaðila utan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá hafði endurskoðendaráð samvinnu við ráðuneyti og prófnefnd vegna vegna prófgjalds og framkvæmdar löggildingarprófa. Auk þess voru haldnir nokkrir fundir á árinu með fulltrúum ráðuneytisins og endurskoðendaráðs sem og Félagi löggiltra endurskoðenda.

Ráðið veitti ráðuneytinu umsagnir vegna innlagnar endurskoðenda á réttindum sínum og vegna umsóknar um löggildingu. Þá veitti ráðið ítarlega umsögn vegna umsóknar einstaklings um löggildingu til endurskoðunarstarfa hér á landi eftir að hafa fengið löggildingu í Bandaríkjunum. Umsækjandi hafði lokið tilskyldu námi hér á landi fyrir gildistöku nógildandi laga. Eftir könnun á fyrirleggjandi gögnum og mati á innihaldi náms í Bandaríkjunum var niðurstaða ráðsins sú að viðkomandi hefði uppfyllt námskröfur samkvæmt ákvæði 4. tl. 2. gr. laganna um endurskoðendur og að uppfylltum öðrum kröfum sömu laga taldi ráðið ekkert því til fyrirstöðu að veita viðkomandi réttindi til endurskoðunarstarfa hér á landi.

### ***Önnur mál***

Á erlendum vettvangi var það helst að eftirlitsaðili í Japan óskaði eftir gerð gagnkvæms samnings um skipti á upplýsingum á grundvelli áttundu félagatilskipunar Evrópuráðsins. Málinu er ólokið í árslok 2012. Eftirlitsaðilar á evrópska efnahagssvæðinu hafa heimildir til að gera slíka samninga við ríki utan EES, svonefnd þriðju ríki. Formaður endurskoðendaráðs sótti fund samevrópskra eftirlitsaðila í Brussel þar sem unnin er undibúningsvinna vegna slíkra samninga.

Endurskoðendaráði berast margar fyrirspurnir varðandi málefni endurskoðenda. M.a. hvort nám við erlenda háskóla uppfylli kröfur laga um endurskoðun þannig að viðkomandi aðili muni eiga þess kost að sækja um réttindi hérlandis að loknu námi og námsvist. Endurskoðendaráð hefur leitast við að veita þessum aðilum upplýsingar um hvaða kröfur séu gerðar hér á landi til námsgráðu sem aflað er í erlendum háskólum.

22. mars 2013,

Endurskoðendaráð

(sign)